

**3179. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. apríl 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson, Anna Lára Steindal varaáheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Valdís Eyjólfsdóttir, varaformaður stýrir fundi.

Fyrir tekið:

1. 1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd

27. fundargerð menningar- og safnamála frá 19. apríl 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016

449. mál um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.

638. mál um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018.

728. mál um frumvarp til laga um útlendinga.

Lagt fram.

Bæjarráð fagnar að vegbætur á Vesturlandsvegi um Kjalarnesi séu komnar á samgönguáætlun en telur að fjármagn það sem ætlað er til verkefnisins marki einungis upphaf þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar eru til að tryggja umferðaröryggi á vegkaflanum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla nánari upplýsinga um vegbætur á Vesturlandsvegi um Kjalarnes í samanburði við aðra stofnvegi til Reykjavíkur.

3. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016

Endurskoðuð fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2016.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs mætir á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir endurskoðaða fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem felur í sér samtals 512,9 mkr. í framkvæmdir á árinu 2016 eða hækkun um samtals 75.5 mkr. frá áður samþykktri áætlun. Áætluninni er vísað til skipulags- og umhverfisráðs.

Fjárveiting vegna hækkunar á gjaldfærðum framkvæmdum um 1 mkr. verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

4. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016

Endurskoðuð launaáætlun og lífeyrisskuldbinding vegna ársins 2016.

Vegna kjarasamninga Bandalags háskólamanna (BHM) sem samþykktir voru í apríl síðastliðnum, er nauðsynlegt að áhrif þeirri verði metin og fjárhagsáætlun ársins endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem augljóslega verða á launáætlun og áætlunum lífeyrisskuldbindingum.

Undirbúningur þessa er þegar hafin á stjórnsýslu- og fjármálasviði og verða gögn lögð fyrir bæjarráð svo fljótt sem verða má.

5. 1604204 - Heimasíða FEBAN - styrkbeiðni

Styrkbeiðni frá FEBAN, félagi eldri borgara á Akranesi og nágrenni, þar sem óskað er eftir styrk vegna nýrrar heimasíðu félagsins.

Bæjarráð fagnar framtaki FEBAN og veitir styrk að fjárhæð kr. 150.000 til stuðnings verkefninu. Einnig er tekið vel í beiðni félagsins um aðstoð frá Akraneskaupstað fyrsta rekstrarár heimasíðunnar og bæjarstjóra falið að útfæra þann þátt nánar.

Fjármununum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

6. 1604219 - Stuðningsfulltrúar í grunnskólum

Erindi skóla- og frístundasviðs þar sem óskað er eftir viðbótarfjármagni vegna ráðningar stuðningsfulltrúa frá 1. maí og út skólaárið.

Bæjarráð samþykkir erindið. Fjármununum, samtals kr. 420.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

7. 1604226 - Heimild til ráðningu leikskólakennara

Erindi skóla- og frístundasviðs þar sem óskað er heimildar til ráðningar leikskólakennara í leikskólanum Vallarseli.

Bæjarráð vísar erindinu til skóla- og frístundaráðs til frekari umfjöllunar.

8. 1604197 - Galito, Stillholti 16-18 - rekstrarleyfi

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Galito slf. um rekstrarleyfi til áframhaldandi reksturs veitingastaðar í flokki III, veitingahús, veisluþjónusta og veitingaverslun, sem reka á að Stillholti 16-18, Akranesi.

Afgreiðsla sviðsstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

9. 1604189 - Gamla Kaupfélagið, Kirkjubraut 11 - rekstrarleyfi

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Veislur og viðburðir ehf. um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, veitingahús, veisluþjónusta og veitingaverslun, sem reka á að Kirkjubraut 11, Akranesi.

Afgreiðsla sviðsstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

UG/SA

10. 1604190 - Kirkjuhvoll, Merkigerði 7 - rekstrarleyfi

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar EIH ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, gistiheimili, sem reka á í Kirkjuhvoli að Merkigerði 7, Akranesi.

Afgreiðsla sviðsstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

11. 1604059 - Akrafjall - gönguleiðir

Öryggismál o.fl. vegna umferðar almennings um Akrafjall og næsta nágrenni.

Lagt fram.

12. 1604164 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - arður 2015

Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2015 en ákveðið var á aðalfundi LS að greiða samtals kr. 523 mkr. í arð til hluthafa.

Lagt fram.

13. 1604178 - Sorpurðun Vesturlands - arðgreiðsla

Arðgreiðsla frá Sorpurðun Vesturlands hf vegna ársins 2015 en ákveðið var á aðalfundi Sorpurðunar að greiða um 20% arðgreiðslu til hluthafa.

Lagt fram.

14. 1604144 - Útsvarsprósenta við álagningu 2016 - staðfesting

Staðfesting á útsvarsprósentu við álagningu 2016 á tekjur ársins 2015.

Lagt fram.

15. 1602269 - Faxaflóahafnir - aðalfundur 2016 og ársreikningar

Aðalfundur Faxaflóahafna verður haldinn miðvikudaginn 25. maí nk. Fundurinn fer fram í fundarsal 3. hæðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17 og hefst kl. 15.

Regína Ásvaldsdóttir fer á aðalfundinn f.h. Akraneskaupstaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:36.

Valdís Eydís Stótt
Anna Sanna Flöndal
Ólafur Þorvaldsson
Fugla Eiríkur Jónsson
Kristján H. Sveinsson
Sanna Abilova